

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
 - a. Í stað orðanna „plöntu- né dýraafbrigðum“ í 2. efnismgr. b-liðar komi: plöntu- eða dýraafbrigðum.
 - b. Í stað orðanna „upplýsingar um erfðaeftni“ í 4. efnismgr. b-liðar komi: erfðaupplýsingar.
2. Við 3. gr.
 - a. Í stað orðanna „erfðafræðilegum upplýsingum“ og „erfðafræðilegu upplýsingarnar“ í 3. mgr. a-liðar komi: erfðaupplýsingum, og: erfðaupplýsingarnar.
 - b. Í stað orðanna „með dýr til undaneldis“ í 2. mgr. b-liðar komi: með búfé til undaneldis.
3. Við 5. gr. Í stað orðanna „sérfræðingum“, „sérfræðingi“ og „sérfræðingar“ í 2. efnismgr. komi: óháðum sérfræðingum, óháðum sérfræðingi, og: óháðir sérfræðingar.
4. Við 6. gr. Við 1. efnismgr. bætist: í samanburði við uppfinninguna í einkaleyfinu.
5. Við frumvarpið bætist ný grein sem verði 9. gr. og orðist svo ásamt fyrirsögn:

Innleiðing á tilskipun.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/44/EB frá 6. júlí 1998 um lögvernd uppfinninga í líftækni, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2003 frá 31. janúar 2003, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn.